



Aðalfundur Garðyrkjufélags Íslands **haldinn í Síðumúla 1 þann 10. nóvember 2022 kl. 20:00**

Fundarstjóri: Eggert Aðalsteinsson

Fundarritari: Guðríður Helgadóttir

1. Fundarsetning – Guðríður Helgadóttir, formaður

Guðríður setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna. Alls voru 26 manns á fundinum.

2. Kosning fundarstjóra og fundaritara

Guðríður setti fundinn og stakk upp á að Eggert Aðalsteinsson yrði fundarstjóri og hún sjálf fundarritari. Var það samþykkt.

Eggert fór yfir lögmati fundarins og komu engar athugasemdir við það.

3. Skýrsla stjórnar og starfsnefnda félagsins

Guðríður fór yfir skýrslu stjórnar og stiklaði á stóru í starfseminni síðastliðið starfsár.

4. Reikningar félagsins lagðir fram og skýrðir

Þóra Þórðardóttir fór yfir ársreikning félagsins og er skemmst frá því að segja að rekstur félagsins er kominn í ágætt jafnvægi og dálítill rekstrarafgangur eftir árið. Helsta eign félagsins er húseignin í Síðumúla 1, auk innréttinga og bókakosts. Í fastafjármunum á félagið um 100 mkr og í veltufjármunum um 6 mkr. Skuldir eru um 21 mkr.

Þóra fór yfir fjármál klúbba og helstu þætti í rekstri þeirra og tekjuöflun. Skoða þarf álagningu þegar

5. Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins

Ómar benti á að seinni hluti styrkjar frá Pokasjóði hafi átt að koma eftir að búið væri að skila skilagrein til sjóðsins um framkvæmd fyrri hluta verkefnis sem sjóðurinn styrkti.

Fundarstjóri bar reikninga upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

6. Ákvörðun félagsgjalds 2022 og rekstraráætlun næsta árs

Stjórn gerir tillögu um óbreytt félagsgjald fram að næsta aðalfundi sem haldinn verður í apríl 2023.

Þóra viðraði hugmyndir sem hafa verið uppi um breytingar á fyrirkomulagi varðandi gjöld í klúbba að í stað þess að innheimta gjald fyrir hvern klúbb hækki félagsgjöldin um 1000 kr. og allir geti skráð sig í þá klúbba sem þeir hafa áhuga á en þurfi ekki að

greiða klúbbgjald. Ný stjórn mun væntanlega vinna að tillögu þessa efnis fyrir næsta aðalfund.

Fundarstjóri bar tillögu stjórnar um óbreytt félagsgjöld næsta starfsár undir fundinn og var hún samþykkt samhljóða.

7. Tillögur um lagabreytingar

Engar tillögur eru um lagabreytingar.

8. Tillögur til ályktunar aðalfundar.

Engar tillögur bárust um ályktanir aðalfundar.

9. Kosning stjórnar, skoðunarmanna reikninga og starfsnefnda.

a. Kosning til aðalstjórnar:

Úr stjórn eiga að ganga Guðríður Helgadóttir og Eggert Aðalsteinsson. Þau gefa ekki kost á sér áfram í aðalstjórn en gefa kost á sér í varastjórn.

Í framboði til formanns félagsins er Þóra Þórðardóttir. Aðrir sem gefa kost á sér til stjórnarsetu í aðalstjórn eru þau Konráð Lúðvíksson, Sigurbjörn Einarsson, Hjördís Rögn Baldursdóttir og Vilhjálmur Sigurjónsson.

Voru þau kjörin með lófataki.

b. Kosning til varastjórnar

Þrjú sæti eru í varastjórn en kjörið er í varastjórn til eins árs í senn. Eftirfarandi aðilar gefa kost á sér í varastjórn: Kristján Friðbertsson, Eggert Aðalsteinsson og Guðríður Helgadóttir.

Voru þau kjörin með lófataki.

c. Kosning til fastanefnda

Eftirtaldir aðilar gefa kost á sér til setu í ritnefnd félagsins: Ómar Valdimarsson sem ritstjóri, Erna Rós Indriðadóttir, Guðríður Helgadóttir, Hafsteinn Hafliðason og Vilhjálmur Lúðvíksson, auk formanns GÍ, Þóru Þórðardóttur.

Samþykkt með lófataki.

Frænefnd – í frænefnd sitja 3 félagsmenn til eins árs og skipta þeir með sér verkum.

Guðrún Þuríður Hallgrímsdóttir, Ásdís Kristmundsdóttir, Heiða Björk Jósefsdóttir og María Hrafnisdóttir gefa kost á sér í frænefnd. Þær voru kjörnar með lófataki.

d. Kjör félagslegra skoðunarmanna reikninga

Í kjöri til skoðunarmanna reikninga aðalmenn Freyja Hilmisdóttir og Sveinn Þorgrímsson.

Samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

a. Hugmynd að verkefnum fyrir félagið

Ómar Valdimarsson hefur velt því fyrir sér að félagið ætti að vera með ráðgjöf og þjónustu um það sem fólk getur gert heima hjá sér í garðinum. Eggert

svaraði því til að nú þegar er kominn vísir að slíkri þjónustu með símsvörun garðyrkjufraeðinga.

b. Trjáræktarklúbbur

Pétur benti á að ef stofnaður yrði trjáræktarklúbbur hjá félaginu kæmu örugglega margir inn í félagið.

c. Auglýsa afslætti

Bent var á að auglýsa þyrfti betur hvaða kostir eru því fylgjandi að vera í félaginu, félagsgjaldið væri fljótt að borga sig upp með afsláttum.

Fræðsluerindi fundarins: Vilmundur Hansen fjallaði um Grasagarðinn í Kew.

Fleira ekki gert og fundi slitið.